

Læknablaðið
Gunnhildur Gunnarsdóttir
gag@lis.is

Reykjavík, dags. 16.2.2021

Efni: Fyrirspurn vegna krabbameinsskimunar

Vísað er til fyrirspurnar cc, blaðamanns Læknablaðsins, til Ríkiskaupa, dags. 15.2.2021, þar sem vísað var til fréttar um greiningu leghálssýna erlendis¹ og spurt um eftirfarandi atriði:

1. Hefði Heilsugæslan átt að setja þjónustuna í útboð? (Og hvers vegna?)
2. Hefur Heilsugæslan leitað til Ríkiskaupa vegna þessarar skimunar?

I.

Um útboð á samningum um heilbrigðisþjónustu gilda ákvæði laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) Með tilkomu þeirra laga varð það skylda að bjóða út samninga um heilbrigðisþjónustu skv. ákvæðum VIII. kafla laganna sem fjallar um ýmsa þjónustusamninga, þ.á.m. um heilbrigðisþjónustu.

Ákvæði XI. kafla OIL um Kærunefnd útboðsmála og XII. kafla um gildi samninga, óvirkni, önnur viðurlög og skaðabætur gilda um innkaup á heilbrigðisþjónustu. Þýðir þetta að ef ekki er farið eftir lögnum við gerð slíkra samninga, getur Kærunefnd útboðsmála lýst samning óvirkan eða beitt öðrum viðurlögum, t.a.m. lýst yfir álitum um skaðabótaskyldu.

Viðmiðunarfjárhæð er sú fjárhæð sem ákvarðar hvort innkaup séu útboðsskyld. Viðmiðunarfjárhæðir vegna innkaupa á opinberum þjónustusamningum um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt VIII. kafla laga um opinber innkaup, sem gerðir eru af opinberum aðilum, er 97.770.000 kr., sjá 4. gr. reglugerðar nr. 1313/2020 um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir og fleira.

Virði samninga er reiknað samkvæmt fyrirmælum í 25. gr. OIL. Þar segir m.a. að miða skuli við þá „heilðarfjárhæð sem kaupandi mun greiða fyrir innkaup, að frátöldum virðisaukaskatti“. Einnig að við útreikninginn skuli „taka tillit til heilðarfjárhæðar, þar á meðal hvers konar valfrjálsra ákvæða og hugsanlegrar endurnýjunar samnings sem skýrt er kveðið á um í útboðsgögnum.“

II.

Ótvírætt er að heilbrigðisþjónusta fellur undir OIL þó svo að viðmiðunarfjárhæðirnar séu hærri. Oft er talað um svokallaða „léttu leið“ (e. light regime)² í því samhengi. Ekki er hægt að svara því hvort

¹ [Leghálssýnin greind á Hvidovre sjúkrahúsinu: Biðin styttest í mest tíu til fjórtán daga - Vísir \(visir.is\)](#)

² [Léttu Leiðin | Ríkiskaup \(rikiskaup.is\)](#) Sjá lista yfir þjónustu sem er útboðsskyld skv. Léttu leiðinni. <https://www.rikiskaup.is/static/files/Skjol/letta-leidin.pdf>

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins „hefði átt að setja þjónustuna í útboð“ sbr. fyrirspurn Læknablaðsins án þess að vita hvert heildarverðmæti samnings er.

Hins vegar hefur Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins ekki leitað til Ríkiskaupa vegna þessarar þjónustu eða hugsanlegs útboðs á henni.

Virðingarfyllt,
f.h. Ríkiskaupa

Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl.